



## Borgarráð

### Vesturbæjarlaug. Endurbætur á saunaklefum og aðgengi fyrir alla.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurbóta á saunaklefum og vegna aðgengismála í Vesturbæjarlaug.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í apríl 2025 og er stefnt að því þeim verði lokið í júní 2025. Framkvæmdin er samstarfsverkefni með Veitum.

Heildarkostnaðaráætlun er 130 m.kr.

#### Greinargerð:

Framkvæmdin felst í endurbótum á núverandi saunaklefum og rýmum tengdum þeim. Þá verða gerðar endurbætur vegna aðgengismála með nýrri skábraut og lyftu.

Kostnaðarstaður: 1105

Kostnaðaráætlun: 120 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:

- Kynning



# Vesturbæjarlaug

Endurbætur á saunaklefum og  
aðgengi fyrir alla

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felur í sér að gera endurbætur á núverandi saunaklefum og rýmum tengdum þeim. Núverandi saunaklefar og búningsklefar verða fjarlægðir. Komið verður fyrir tveimur nýjum hefðbundnum saunaklefum (þurrugufum) og einum infrarauðum klefa. Framan við þessa klefa verður hvíldarrými með sturtum, bekk og drykkjarfronti.

## Helstu verkþættir:


- Þrjú nýjir saunaklefar með hvíldarrými fyrir framan.
- Ný starfsmannaaðstaða inn af alrými við afgreiðslu (fyrir aftan saunuklefa) þar sem staðsett er þvottaaðstaða, ræstirými og aðstaða sundkennara. Auk þess verður lagfærð snyrting gesta á sama svæði.
- Aðgengi hreyfihamlaðra að afgreiðslu um sólargang með nýrri skábraut, halli 1:20. Skábrautin er með tvöföldum handlistum beggja vegna.
- Ný lyfta með fallvörn sem felld er niður í gólf, staðsett í alrými við afgreiðslu, sem tenging við skábrautina.
- Endurnýjun glugga á báðum langveggjum til suðurs og norðurs meðfram rýmum.



# Kostnaður og verktími


Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 130 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í apríl og stefnt að því að þeim ljúki í júní 2025.





# Markmið og stefna



Framkvæmdin styður við aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar.



Reykjavík